



## Fundargerð stjórnar RÚV 17.10. 2024

### Fundarefni: Ráðning útvarpsstjóra

Mætt: Silja Dögg Gunnarsdóttir formaður, Rósa Kristinsdóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Ingvar Smári Birgisson, Möður Áslaugarson, Margrét Tryggvadóttir, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega og Þráinn Óskarsson.

Núverandi útvarpsstjóri Stefán Eiríksson var skipaður til fimm ára í mars 2020 og rennur ráðningartími hans því út í mars 2025. Stjórn RÚV ohf. hefur heimild skv. 2. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið til að endurráða útvarpsstjóra til fimm ára til viðbótar. Hámarksráðningartími útvarpsstjóra er tíu ár.

Stjórn tók málið til umfjöllunar í lok stjórnarfundar RÚV þann 25. september sl. og ákvað að halda aukafund þar sem stjórnarmenn töldu sig þurfa frekari upplýsingar til að geta myndað sér skoðun á því hvort auglýsa ætti stöðuna að nýju, eða bjóða núverandi útvarpsstjóra að halda áfram í fimm ár til viðbótar. Aukafundur var haldinn þann 3. október. Niðurstaðan fundarins var að óska eftir því við útvarpsstjóra að hann sendi stjórn greinargerð um sínar áherslur og framtíðarsýn, fengi hann umboð til að stýra stofnuninni áfram, sem hann og gerði. Annar aukafundur um ráðningu útvarpsstjóra var haldin á netinu þann 17.10. 2024. Niðurstaða fundarins var sú að bjóða útvarpsstjóra endurráðningarsamning til næstu fimm ára. Fimm stjórnarmenn greiddu atkvæði með endurráðningu og fjórir vildu auglýsa stöðuna. Málið verður afgreitt með formlegum hætti á næsta stjórnarfundum RÚV þann 30.10.2024.

#### Ríkisútvarpið ohf.

Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
Sími 515 2000

ISB, RK, MGJ og DÁZ lögðu fram eftirfarandi bókun:

Sú leið að auglýsa stöðu útvarpsstjóra samræmist best þeim gagnsæju vinnubrögðum sem þurfa að einkenna störf Ríkisútvarpsins. Með því að auglýsa stöðuna má auka traust og tiltrú almennings gagnvart stofnuninni til framtíðar.“

Silja Dögg Gunnarsdóttir ritar fundargerð.

[www.ruv.is](http://www.ruv.is)

Ingvar Smári Birgisson  
Aron Ólafsson  
Margrét Tryggvadóttir  
Þráinn Óskarsson  
Diljá Ámundadóttir Zoega

SEF: Jonny Skutarnes